

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Starfsáætlun Ægisborgar

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós Ægisborgar	3
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum.....	6
2.1 Greinargerð deildarstjóra Kots um starfið á síðasta ári	6
2.2 Greinargerð deildarstjóra Fjörudeildar um starfið á síðasta ári.....	10
2.3 Greinargerð deildarstjóra Bárudeildar um starfið á síðasta ári.....	14
2.4 Greinargerð deildarstjóra Öldudeildar um starfið á síðasta ári	16
2.5 Innra mat á skipulagsdegi 7. maí – Niðurstöður matshópa.	21
2.6 Aðrar áherslur í starfinu 2018-2019	23
3 Ytra mat	25
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	26
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	29
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	30
7 Foreldrasamvinna	32
8 Samstarf leik- og grunnskóla	33
9 Skipulagsdagar	34
9.1 Matsgögn.....	34
9.2 Umsögn foreldraráðs.....	36

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós Ægisborgar

Í Ægisborg er menntandi umhyggja höfð að leiðarljósi og þess kappkostað að leikur, gleði og virðing einkenni skólabraginn.

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári



Byggt á Fjörudeild

Haustið 2017 var sérstakt fyrir þær sakir að í Ægisborg vantaði 8 starfsmenn. Stjórnendur brugðust við með því að innrita einungis börn sem mönnun var fyrir og tókst þannig að komst hjá undirmönnun. Að vera með fullmannaðan leikskóla þýðir þó ekki að allt gangi snuðrulaust fyrir sig. Á öllum deildum voru mismargir nýliðar og því ærinn starfi fyrir stjórnendur og deildarstjóra að aðlaga ný börn, foreldra og starfsfólk að skólabrag Ægisborgar, þar sem hver og einn einstaklingur setur sína kommu og sitt strík í dagbók dagsins.

Í Ægisborg starfar góður hópur fagmanna sem stillir sig saman í starfsgleði og samvinnu og er þá bæði átt við í skemmtilegum verkefnum og þegar á bjátar. Það er því sérstakt ánægjuefni að Reykjavíkurborg hugi nú sérstaklega að starfsumhverfi leikskólakennara. Þegar hafa verið tekin nokkur skref af hálfu borgarinnar eins og t.d. fjölgun undirbúningstíma og fækkun barna í rými. Síðasta haust fékkst fjármagn sem var eyrnamerkt hópefli og stjórnendur voru hvattir til að nýta tækifæri í þágu starfsfólks.

Stjórnendur í Ægisborg hafa í hænuskrefum reynt að bæta og fegra starfsumhverfið. Búið er að mála skólann að innan, sem foreldraráð og einstaka foreldri hjálpuðu við að knýja á um. Í sumar verða bæði hús leikskólans máluð að utan og settar nýjar útihurðir. Áfram verður haldið að bæta annan efnivið, leikefni o.fl. sem bæta starfsaðstæður starfsfólks og barna. Það er ósk mín að leikskólasamfélagið sé lagt af stað í átt að betra og ljúfara starfsumhverfi sem laðar gott fólk til starfa og einnig til náms í leikskólakennarafræðum.

Þær eru margar stundirnar í annasömu starfi leikskólastjórans þar sem ég hugsa: Ég er í besta starfi í heimi. Það gerist t.d. þegar ég kem mér fyrir í fataklefum yngri deildanna og aðstoða börnin við að klæða sig fyrir útiveru. Einstaka samverustund á eldri deild, óstjórnlegt hláturskast í kaffistofunni eða í náms- og kynnisferð með kollegum í Helsinki í maí 2018. Það gerist líka á barnamenningarhátíð þegar ég sé börnin bregðast við sinni eigin sýningu og þegar útskriftarhópurinn horfir á bíómyndina sína í fyrsta sinn og syngur Ægisborgarbraginn fullum hálsi. Einnig þegar afar og ömmur þakka fyrir sig með tárin í

augunum. Það gerist á hátíðarstundum en ekki síst í hversdeginum. Öll gullkornin, faðmlögin og samræðurnar.

Það var fróðlegt, gefandi og skemmtilegt að taka þátt í þróunarverkefni Ægisborgar, Gullborgar, Grandaborgar og Grandaskóla um læsi. Verkefninu lauk formlega með glæsibrag á barnamenningarhátíð í Reykjavík í apríl 2018. Næsta áskorun verður að sýna í verki hvernig verkefnið hefur áhrif til framtíðar í öllum þátttökuskólunum.

Okkar bíða mörg og skemmtileg viðfangsefni eins og sjá má við lestur þessarar starfsáætlunar. Við munum m.a. velta okkur upp úr alls kyns bókum og sögum. Sögurnar verða eftir marga fræga og þekktu rithöfunda auk Ægisborgara sjálfra.

Þegar þessar línur eru ritaðar um miðjan júní er ekki búið að fullmanna leikskólann fyrir haustið, en öllum börnum 18 mánaða og eldri á biðlistanum, hefur verið boðið pláss og er nægur kennarafjöldi í húsi til að sinna þeim. Á Öldudeild verður sú breyting að Magga sem verið hefur deildarstjóri í tæp 10 ár fer í 50% leikskólakennarastöðu og Ellen sem deilt hefur deildarstjórastöðunni með Möggu undanfarið verður í 100% leikskólakennarastöðu. Deildarstjóri verður Katrín Erlingsdóttir félagsráðgjafi sem byrjar á Öldudeild eftir sumarleyfi og verður til að byrja með í 80% stöðu. Ég vil þakka Möggu sérstaklega fyrir að stýra Öldudeildinni öll þessi ár og Ellen fyrir að taka þátt í deildarstjórn þegar á hallaði. Ég er þakklát fyrir að þær halda báðar áfram á Öldudeild og í Ægisborg. Þannig tekst okkur frekar að viðhalda góðum skólabrag í Ægisborg og halda áfram að þróa gott starf. Katrín er hefur góða starfsreynslu af skólastarfi, auk þess sem hún býr að því að hafa verið foreldri tveggja Ægisborgara.

Ég vil að lokum þakka öllum Ægisborgurum, stórum og smáum fyrir samstarfið síðastliðið ár og síðast en ekki síst Ása aðstoðarleikskólastjóra fyrir enn eitt gjöfult samstarfsár.


Sigrún Birgisdóttir



Fjörubörn að skapa

2 Um innra mat í leikskólum

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi. Hér á eftir fara greinargerðir deildarstjóra Ægisborgar ásamt niðurstöðum matshópa frá skipulagsdegi 7. maí.



Frá íþróttasýningu yngri hópsins. Börn úr Koti og af Fjörudeild með kennurum og foreldrum.

2.1 Greinargerð deildarstjóra Kots um starfið á síðasta ári

Í Kotinu byrjaði haustið á aðlögun nýrra barna eins og venjulega. Sex börn voru fyrir á deildinni þannig að við áttum von á 13 nýjum Ægisborgurum. Aðlögun gekk vel og voru börnin tekin inn í þremur hollum. Í Kotinu voru 19 börn, 5 fædd 2014, 9 fædd 2015 og 5 fædd 2016. Börnunum var skipt upp í fjóra hópa eftir aldri og svo unnu tveir og tveir hópar saman í hópastarfi sem hófst í september.

Elstu börnin (fædd 2014) hafa farið í KR einu sinni í viku, en nú bar svo við að hópurinn var það fámennur að við ákváðum að taka elstu börnin úr 2015 árgangi með og gekk það þokkalega og betur eftir því sem leið á veturinn. Að fara í KR er mikill leikur og lærdómur, börnin læra að ganga saman (leiðast), klæða sig úr og í og ganga frá fötunum sínum. Í vetur fengum við ekki fataklefa niðri, svo við ákváðum að börnin færu beint inn í sal og klæddu sig úr þar. Okkur fannst ekki ráðlegt að fara upp stigana þar sem þeir eru frekar brattir. En KR tímarnir eru frábærir í alla staði, þar læra og leika börn og kennarar og gaman er að sjá framfarir. Hugrekki, þor, vinátta og gleði skín af börnunum og kennurunum, sem sjá um þessa tíma. Yngri börnin voru í hreyfingu inni á deild, þar sem sett er upp þrautabraut með stólum, borðum, boltum o.fl. En besta hreyfingin fyrir yngri börnin fór fram í útiverunni. Þau geta yfirleitt ekki beðið eftir að komast út og hanga við hurðirnar eins og kálfar að vori.

Leiknum er gefinn góður tími í Kotinu. Börnin byrja eftir morgunmat í frjálsum leik þar sem þau eru aldursblönduð og eru þá eldri börnin góð fyrirmynd, en þurfa líka að taka tillit til yngri barnanna sem gengur oftast mjög vel. Eftir hvíld er leikur og fer eftir svefnvenjum hvers og eins hve langur hann er. Þá er góður leiktími eftir síðdegishressingu og samverustund, þar til degi lýkur. Í leiknum æfa börnin sig í félagslegum samskiptum, hvað er rétt og hvað rangt, að deila með öðrum og skiptast á. Vinátta og virðing er góður kostur og það reynum við að hafa að leiðarljósi í Kotinu. Það má segja og sjá hvað leikurinn hefur þróast skemmtilega í vetur á því hve börnin eru orðin flink í samskiptum, þó stundum slettist upp á vinskapi.

Í Koti kynnast börnin könnunarleik. Könnunarleikur felst í því að lítill hópur barna er saman í afmörkuðu rými þar sem boðið er upp á mikinn fjölda ólíkra hluta til að leika með. Börnin leika sér og rannsaka efniviðinn án afskipta hins fullorðna sem er til staðar, fylgist með og skráir.



Kotverjar í siglingu.

Samverustundir eru tvær í dagskipulaginu, önnur fyrir hádegismat og hin eftir síðdegishressingu. Fyrir hádegi er sungið, lesið og farið með þulur, en seinni partinn er aðallega lesið. Þá er börnunum skipt eftir aldri og er lesið fyrir Hesta- og Krókódílahóp saman, en Hænu- og Ungahóp var skipt í tvo hópa, svo betra næði fengist við lesturinn. Bækur eru mikið hafðar með í leiknum og oft má sjá barn ná sér í bók þegar það þarf smá einveru og hvíld á að halda frá skarkalanum.

Í haust tókum við inn orðaspjallsaðferðinna, en hún er leið til að efla orðaforða leikskólabarna með bóklestri. Við fengum orðaskjóðu sem hengd var upp á deildinni og voru börnin forvitin og áhugasöm um hana. Við völdum bækur til að lesa og orð til að leika okkur með sem voru látin í skjóðuna. Þetta var aðalega gert með eldri börnunum og fengu þau að sjá um að setja þau í skjóðuna.

Lýðræði hefur aukist með aðkomu barnanna, en þau hafa komið með ábendingar um öðruvísi daga og hefur verið orðið við þeim óskum. Þá hafa þau frjálstan aðgang að leikefni yfir daginn.

Deildarfundir hafa ekki verið í föstum skorðum þennan vetur. Breyting varð á KR-dögum og fórum við nú á þeim degi sem deildarfundirnir voru haldnir og reyndist erfitt að finna annan dag vegna skipulags á yngri deildunum. Þetta kom svo sem ekki að sök þar sem við fengum góða deildarfundi á skipulagsdögum.

Í umbótaáætlun fyrir liðinn vetur voru m.a. heimsóknir á milli yngri deilda. Það gekk frekar erfiðlega að koma þeim á að öðru leyti en því, að eftir áramót hittust elstu börnin í Koti og á Fjörudeild einu sinni í viku á Bárudeild og léku sér saman. Þá var ákveðið að orðaspjallið færi í gang og gekk það eftir. Stærðfræðin hefur haldið áfram að blómstra, börnin hafa gaman af að leika með numicon kubbana, einnig leika þau sér að því að telja og flokka, t.d. hvað margir eru við matarborðið, hvað vanti marga þann daginn o.s.frv.

Settir voru upp þjóðfánar barna og starfsfólks á deildinni, sem leiddi til umræðna um ólík lönd og hvaðan við erum.

Við unnum einnig verkefni úr útinámsmöppuni, fórum í vettvangsferðir og skoðuðum t.d. haustlitina. Við fórum í fjöruferð og tókum efnivið með okkur heim og skoðuðum í víðsjá og börnin sömdu fjöruljóð.

Að venju spurðum við þau börn sem eru að kveðja Kotið og fara á Bárudeild hvað þau hafi lært í Kotinu og stóð nú ekki á svörum:

- Að lita og púsla og hlaupa úti og leika.
- Að teikna stafina mína í nafninu mínu og fara vel með bækurnar. Að sitja fallega á stólum. Ég er búin að gera svolítið mikið að læra.
- Að læra að skrifa stafi og að leika saman. Að henda ekki dótinu.
- Að lesa og teikna og leika úti.
- Búin að læra að lesa og lita handa mömmu og pabba og ömmu. Búin að læra að vera ekki með snuddu og læra að brasa ekki í hvíldinni.
- Að leika.
- Að leika og borða mat.
- Að borða. Að gera kollhnís og æfingar í KR. Að klifra í klifrunum.

Umbótaáætlun Kots 2018-2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Reglulegri deildar- fundir	Að ræða um börnin, skipulag og fl. Upplýsingar komist til skila	2x í mán. Í samráði við Fjörudeild	Sept. –jan 2018 Maí 2019	Deildarstjóri	Skráningar frá fundum	Að deildarfundir hafi verið reglulega og skilað betra starfi.
Dreifa ábyrgð hóp- skráninga á fleiri	Að allt starfsf. sjái um að skrá sitt hópastarf	Skoða eldri sk. Að gefa starfs- fólki tíma til að skrá.	Sept 2018 Jan og maí 2019	Lilja	Skoða og fara yfir skráningar á deildarfundum	Að allir hafi komið að skráningum.
Að virkja allt starfsfólk í orðaspjalli	Að allir starfsm. noti aðferðina	Lesum bókina og æfum okkur í aðferðinni	Maí 2019	Deildarstjóri	Rætt á deildar- fundum	Allir starfsmenn treysti sér til að lesa skv. aðferðinni.
Að skerpa á leikskrán- ingum	Að flestir komi að skráningum	Skoðum gamlar sk. og gefum tíma til úrvinnslu	Okt-nóv. Apríl-maí	Inga og Lilja	Farið yfir á deildar- fundum og rætt	Þemahefti um námsmat í leiksk. notað sem viðmið. Einnig hefti frá Kristínu H. Ólafsd.



Rannsakað eftir fjöruferð.

2.2 Greinargerð deildarstjóra Fjörudeildar um starfið á síðasta ári



Fjörubörn á góðri stundu.

Í ágúst 2017 byrjuðu níu börn í aðlögun á Fjörudeild og síðar bættust tvö í hópinn. Fyrir á deildinni voru átta börn. Skólaárið 2017 – 2018 voru því nítján börn á Fjörudeild. Af þessum nítján börnum eru fjögur fædd 2014, tíu 2015 og fimm 2016.

Aðlögun barna og foreldra gekk mjög vel og voru allir ef ekki langflestir orðnir nokkuð öruggir með sig mánuði seinna.

Það gekk nokkuð vel að manna deildina en síðasti starfsmaðurinn byrjaði upp úr miðjum september. Á deildinni voru fimm starfsmenn til að byrja með, eða fram í byrjun desember. Þrír í heilum stöðum og tveir sem skiptu einni. Í desember var ráðið í eina heila stöðu og þeir sem höfðu skipt einni hurfu á vit nýrra verkefna. Því verður ekki neitað að töluvert álag skapast við að aðlaga inn nýtt starfsfólk, ný börn og hlúa að þeim sem fyrir voru. Þrátt þá gekk flest ótrúlega vel og hefðbundið starf, s.s. val og íþróttir í KR hófst í byrjun september og hópastarfið bættist síðan við 4. október.

Menntandi umhyggja er leiðarljós í starfi kennara Ægisborgar. Haustið fór mikið í að kenna börnunum á aðstæður, hlúa að þeim, veita öryggi og upplifun.

Í hópastarfi var börnunum skipt í fjóra hópa sem störfuðu tvisvar í viku eina klukkustund í senn. Hóparnir voru aldursskiptir og verkefnið í þeim miðuðust við aldur og þroska barnanna. Í hópastarfi voru t.d. hlutverkaleikur og þá oft heimilisleikurinn. Í honum geta börnin samsamað sig mömmu og/eða pabba og heimilisstörfunum. Könnunarleikurinn er einnig afar vinsæll, en í honum er notað ýmislegt verðlaust efni. Börnin eru mjög dugleg að prófa sig áfram með efnið og í framhaldi spinna þau upp ýmsa hlutverkaleiki. Einnig var kubbað, málað, púslað og spilað, svo eitthvað sé nefnt. Numicon stærðfræðikubbarnir voru einnig nýttir til að mæla hæð, lengd fótar, leikföng og fleira. Stefnt er að því að lauma numicon kubbum á fleiri staði næsta skólaár.

Frjálsi leikurinn fékk mikið rými á Fjörudeild bæði innan hópastarfsins og í valinu. Leikurinn er höfuðþrýði Ægisborgar og á Fjörudeild var hann í fyrirrúmi, ásamt gleði, umhyggju, virðingu og vináttu. Við höfum notið lífsins í leik og starfi í vetur og hefur leikurinn blómstrað og tekið miklum framförum. Í félagslegum leikjum/pykjustuleikjum, svo sem hlutverkaleik, læra börnin samkennd og vináttu, að þekkja rétt og rangt og deila með öðrum. Þau læra að lesa í umhverfið og aðstæður hverju sinni.

Í vali er börnunum skipt í þrjá hópa þrisvar í viku og eru þeir oftast en ekki aldursblandaðir, allt eftir því hvað hver og einn velur að gera. Oft velja eldri börnin eftir því hvað vinurinn velur, en þau yngri oftast viðfangsefnið. Eldri börnin eru gjarnan fyrirmyndir þeirra yngri og geta einnig aðstoðað þau í leiknum.

Eins og undanfarin ár fóru elstu börnin í íþróttatíma í KR einu sinni í viku og gekk það ljómandi vel. Þar var ýmislegt gert sem þurfti hugrekki til að framkvæma og hefur kjarkurinn aukist í hvert skipti. Í KR vorum við með börnum úr Koti og varð oft glatt á hjalla við leik og æfingar.

Í útiverunni skapast góðar stundir í leik og hreyfingu, einnig voru ævintýraferðir góð viðbót. Þær ferðir urðu tíðari þegar voraði, en þá var t.d. farið á bókasafn, í fjöru, nærumhverfið skoðað og fleira.



Fjörubörn að leik.

Hreyfing veitir útrás, vellíðan og stuðlar að heilbrigðara lífi og ýtir undir vitund um gildi hreyfingar.

Samveru-/söngstundir eru tvær til þrjár á dag. Alla daga er lesið og sungið, oft eru sagðar sögur, farið í leiki eða dansað. Orðaspjall er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna. Þessi aðferð hefur verið nýtt í vetur við lestur bóka að einhverju leyti og er starfsfólkið að æfa sig og læra aðferðina um leið.

Í hópastarfi og vali fá börnin heilmikið um að segja hvað er í boði eða gert. Ekki eru alltaf allir sammála um valið og þá ræður meirihlutinn jafnan. Umræður geta haldið áfram þangað til allir komast að sömu niðurstöðu. Börnin höfðu einnig áhrif á starfið að því leyti að koma með tillögur að uppákomudögum, t.d. eins og búningadögum, dótadögum eða bangsädögum. Þau eldri gátu óskað eftir því munnlega en þau yngri tóku að mæta með eitthvað af þessu í skólann og vildu hafa það inn á deild og þannig koma þau sínum óskum á framfæri. Með lýðræðislegum athöfnum styrkjum við börnin til virkari þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Ætíð er gaman þegar barn kemur með bréf í póstkassann. Það er upphæfð að sitja hjá kennaranum meðan bréfið er lesið fyrir hina og bæta við frásögnina ef þau geta. Það sama má segja um Bangsaskottið. Það er spennandi að fá það í heimsókn og sitja svo með skottið meðan lesið er. Þá er lesið hvað gert var með því um helgina og þau bæta einhverju við. Að tengja bréfin, Bangsaskottið og sögu helgarinnar, er góð leið til að efla tjáningu barnsins, fá innsýn í heimamenningu þess og tengja heimilið og leikskólann.

Í öllu og allstaðar er hvatt og ýtt undir sjálfshjálpi barnanna, t.d. í matmálstímum, fataherberginu og á snyrtingunni og hafa börnin verið dugleg að reyna og gera sjálf. Við hvert skref eflist sjálfstraust barnsins.

Í öllu amstrinu er gott að leggjast á koddann sinn eftir hádegismatinn, hlusta á rólega tónlist, sögu eða leikrit. Loka augunum hvíla sig eða sofna til að endurnýja orkuna sem er stundum alveg búin eftir leiki og nám morgunsins.

Lífið á Fjörudeild hefur einkennst af leik, gleði og umhyggju. Að tilheyra stórum hópi og þekkja sjálfan sig, vera virkur þátttakandi, hlæja saman og læra að bera virðingu fyrir skoðunum og líðan annarra er hverjum einstaklingi mikilvægt. Að treysta og móta vináttuböndin á unga aldri er undirbúningur fyrir vináttu framtíðarinnar.

Í umbótaáætlun skólaársins 2017 - 2018 segir að koma átti á reglulegum deildarfundum í samstarfi við Kotið. Stutta svarið er: Þetta gekk ekki eftir. Vegna breytinga á íþróttatímum í KR, gekk ekki eins vel að koma deildarfundum í fastar skorður og skólaárið á undan, en vegna góðra tíma til deildarfunda á skipulagsdögum kom það ekki að sök. Þetta verður aftur tekið á dagskrá fyrir komandi skólaár og leiðir skoðaðar.

Orðaspjall: Í vetur voru stigin skref í rétta átt en það þarf að halda áfram á sömu braut og vinna að því að festa orðaspjallsaðferðina enn betur í sessi. Það sama má segja um stærðfræðina og numicon kubbana. Þar þarf að halda áfram á sömu braut og bjóða markvissar og oftar upp á numicon með öðrum efnivið.

Útinám: Stefnt var að útinámi fyrir alla á haust- og vorönninni skólaárið 2017 - 2018, en það var ofáætlað. Á næsta skólaári verða það elstu börnin sem fá útinám bæði fyrir og eftir áramót, en yngri þegar nær dregur vori.

Söngstundir: Komandi vetur þarf að samræma texta sem við kennum börnunum og notast við sönghefti.

Takk fyrir gott og skemmtilegt samstarf, Kristín E. Sveinbjörnsdóttir, deildarstjóri ☺

Elstu börnin voru spurð um hvað þau læra í skólanum? Þau svöruðu:

„Leika, leika dótið, leika við krakka“.
„Lita, perla“.
„Læra að lesa, læra að mála“.
„Fara í val“.
„Svona“. Benti á numiconkubba.
„Lita, leira, að læra í heimilisdótinu að elda og leika“.
„Leika heimilisdót“.
„Taka saman, ekki hella heimilisdótið“.
„Að leika með heimilisdót og verkfærin, að vera í ávaxtastund, að leika með duplo kubbana, að læra, að leika, borða, lúlla“.



Vinir að leik með segulkubba.

Umbótaáætlun Fjörudeildar 2018-2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Deildarfundir	Vettvangur t.d. til að ræða um börnin, starfið, skipulagningu og koma upp-lýsingum til allra.	Hafa 2 fundi í mánuði. Í samstarfi við Kotið.	September – desember 2018.	Deildarstjóri	Með skráningum yfir fundi. Janúar 2019.	Reglulegir deildarfundir sem skila betra starfi.
Orðaspjall	Auka orðaforða og umræður um efni bóka.	Með lestri valinna bóka og orðum úr þeim. Orðaspjallsaðferðin.	Janúar - maí 2018.	Deildarstjóri	Safna gögnum, skrá bækur og orð. Vor 2019.	Að börnin noti fjölbreyttan orðaforða.
Numicon	Efla stærðfræðivitund með leik.	Þjóða sem viðbót t.d. með leir, litum og blöðum, öðrum efnivið sem hægt er að mæla og okkur sjálf.	Skólaárið 2018 – 2019.	Deildarstjóri	Á deildarfundi. Vor 2019.	Að leikur með stærðfræði komi fram í leik-skráningum.
Útinám	Kynna fyrir börnunum nærumhverfið og hvernig er hægt að nota það til leiks og náms.	Í ævintýraferðum, s.s. í fjöruferð, á skólalóðinni og í nágrenninu. Tilfallandi verkefni og úr útinámsmöppu.	Skólaárið 2018 -2019.	Deildarstjóri	Skrá og ræða á deildarfundi.	Að öll börn hafi farið a.m.k. í 3 ferðir.
Söngstundir	Kenna börnunum réttan texta við lagið.	Nota sönghefti.	September – desember 2018.	Deildarstjóri	Rætt á deildarfundi í janúar 2019.	
Skráningar	Allir eigi leikskráningar.	Gera skráningar á öllum börnunum, byrja á þeim elstu.	Nóvember til mars 2018 – 2019.	Deildarstjóri	Fara yfir skráningar. Vor 2019.	Þemahefti um námsmat í leiksk. notað sem viðmið. Einnig hefti frá Kristínu H. Ólafsd.

2.3 Greinargerð deildarstjóra Bárudeildar um starfið á síðasta ári



Bárubörn rabba saman í útivistinni.

Í haust voru 19 börn á Bárudeild, ellefu fædd árið 2013 og átta fædd 2014. Í vetur voru fjögur börn frá fyrra ári áfram á deildinni. Tvær stúlkur og tveir drengir fædd árið 2013. Reynslan hefur sýnt að aðlögun nýrra barna er mun léttari á deildinni ef fyrir eru eldri börn. Þá verða nýju börnin mun fljótari að tileinka sér reglur og siði deildarinnar og átta sig á dagskipulaginu. Aðlögun gekk nokkuð vel, en í hópnum voru nokkrir kornungir drengir sem þurftu mikinn stuðning og aðhald langt fram á vor. Einnig var töluverð hreyfing á barnahópnum í allan vetur sem er óvenjulegt. Það tafði fyrir að það myndaðist ekki gott jafnvægi á deildinni og reyndist lýjandi að vera oft á sömu önninni að aðlaga ný börn. Það kom óneitanlega róti á starfið sem þegar var hafið.

Hefðbundið hópastarf hófst í lok september. Það var ákveðið að skipta börnunum eftir aldri í tvo hópa. Í byrjun hausts var mikil áhersla lögð á félagslega færni og leikinn. Smátt og smátt var síðan öðrum krefjandi verkefnum bætt við. Mikil ánægja og starfsgleði ríkti í hópastarfi í vetur. Stundum enduðu hópa-starfstímarnir á orðaspjallsaðferðinni eða byrjuðu á markvissri málörvun.

Leikgleði og mikil framför í samskiptum hefur einkennt barnahópinn í vetur. Áður hafa verið barnahópar á Bárudeild sem hafa sýnt mikinn áhuga á stöfum og stafagerð, en í vetur fór minna fyrir því. Starfið í vetur eins og jafnan áður endurspegladi áhuga og færni barnanna. Leikurinn hefur blómstrað sem aldrei fyrr hvort tveggja úti og inni. Í vetur hafa börnin fengið að ráða meira um val á leikefni en áður. Þannig öðlast þau vissu um að á þau er hlustað og að þeirra ákvarðanir og val hafa áhrif á líf þeirra í leikskólanum.



Leikur með einingakubba í sal.

Í haust var ákveðið að færa kaffitíma barnanna til fyrra horfs sakir ungs aldurs þeirra. Árið áður snæddu átta börn með einum kennara í einu á meða hin skoðuðu bækur, tóku þátt í skrifum í dagbók deildarinnar eða æfðu ritmálið. Í ár snæða þau öll á sama tíma á þremur borðum eins og í hádeginu.

Öll börn eiga sitt sæti en kennarar skipta vikulega um borð. Þannig fáum við betri yfirsýn yfir barnahópin og tækifæri til að kynnast börnunum betur.

Numicon stærðfræðikubbarnir nutu ekki mikilla vinsælda til að byrja með í barnahópnum. En með klókindum höfum við lætt þeim inn í ýmis verkefni, t.d. í markvissri málörvun er við klöppum atkvæðafjöldi orða. Einnig höfum við nýtt þá í morgunmatnum og samverustundum. Þegar leið á vorönnina mátti merkja aukinn áhuga hjá krökkunum og kubbarnir voru oftast valdir sem leikfni í vali.

Í ár endurvöktum við sögugerðina sem við teljum að sé mjög mikilvæg, því hún styður svo vel við starf okkar og markmið. Hvert barn átti eina bók í lok vorannar og var mikil ánægja með þessa vinnu sem við viljum sannarlega festa í sessi.

Við erum mjög ánægð með aukna samvinnu við Öldudeildina. Fyrir utan íþróttatímana okkar tvisvar í viku í KR og söngstund í salnum einu sinni í viku, þá bættist við sameiginleg leikstund á mánudagsmorgni. Við köllum þessa stund *flæði*. Þá fara börnin á milli deilda og velja sér leikfni og félaga að vild. Börn og starfsfólk er mjög ánægt með þetta fyrirkomulag. Það myndaðist skemmtileg og gefandi stemning að opna á milli deildanna og um leið hristum við barnahópin betur saman.

Í vetur fórum við í heimsókn á Þjóðminjasafnið þar sem við mættum á bráðskemmtilega safnafræðslu fyrir leikskólabörn: „*Vís er sá sem víða fer*“. Heimsókn á Þjóðminjasafnið er orðin fastur liður á Bárudeild á hverju hausti eða vetri. Ekki voru fleiri vettvangsferðir farnar út fyrir nærumhverfi okkar í vetur, en við munum nýta okkur róluvellina í nágrenninu þegar líður á sumarið. Við bíðum einnig spennt eftir sumarsýningu Brúðubílsins.

Við á Bárudeild höfum sannarlega notið lífsins í dagsins önn. Lífsgleði í bland við góðan aga og hlýtt viðmót hafa stutt okkur í leik, læsi og lýðræði. Án vináttu og virðingar væri starfið aumt. Við höfum

reynt, bæði börn og kennarar að tileinka okkur þessi tvö gildi. Við þökkum öllum fyrir frábært samstarf!

Umbótaáætlun Bárudeildar. Næsta vetur ætlum við að bæta okkur í leikskráningum barnanna. Eins viljum við styrkja stöðu numicon stærðfræðikubbanna og styrkja okkur kennarana í orðaspjallsaðferðinni.

Sjöfn Pálsdóttir, deildarstjóri Bárudeildar.



Sprett úr spori í KR.

Umbótaáætlun Bárudeildar 2018-2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Leik- skráningar	Að hvert barn eigi að minnsta kosti eina leikskráningu að vori.	Að fastsetja daga fyrir skráningar í dagskipulagið.	Frá október og fram á vor.	Deildarstjóri og Elsa.	Skoða skráningar á deildarfundum í jan. og apríl 2019.	Að hvert barn eigi a.m.k. eina leikskráningu að vori.
Numicon stærðfræði- kubbar	Að gera numicon kubbana sýnilegri sem leikefni.	Að starfsfólk noti kubbana í leik með börnunum við allskonar tilefni.	September –maí.	Deildarstjóri	Með skráningu á viðfangsefnum og félagavali.	Að numicon kubbarnir sjáist í leikskráningum.
Orðaspjall	Að festa oðaspjalls- aðferðina enn betur í sessi.	Í litlum hópum og sameru- stundum.	September og fram á vor.	Erna og leikskólakennarar	Á deildarfundum í nóvember og apríl.	Að allir starfsmenn séu virkir í aðferðinni.

2.4 Greinargerð deildarstjóra Öldudeildar um starfið á síðasta ári



Ægisborgarhlaupið á íþróttahátíðinni 25. júní.

Í haust byrjuðu 22 börn á Öldudeild. Þrettán þeirra komu af Bárudeild, 7 börn voru á Öldudeild fyrir og tvö ný börn bættust við. Foreldraviðtöl að hausti fóru fram í október.

Töluverðar mannabreytingar hafa verið á deildinni í vetur. Aðstoðarleikskólakennari var í ársleyfi en kom til vinnu stöku sinni í forföllum. Leiðbeinandi, sem byrjaði í haust, fór í fæðingarorlof í lok febrúar. Í hennar stað kom aðstoðarleikskólakennari í hálfstarf eftir hádegi, en hún var tvo mánuði fram að fæðingarorlofi. Annar deildarstjóranna var í veikindaleyfi frá janúar til maíloka og leiðbeinandi með háskóla-menntun byrjaði um miðjan janúar.

Það tók starfsmenn og börn tíma að kynnast hvert öðru og vera saman. Til þess að hópurnir blandaðist vel var ákveðið að hafa hringekju. Börnunum var skipt í leikhópa

hvort tveggja stýrt og tilviljunarkennt, en þannig kynntust þau hvert öðru betur og leiksvæðum og leikefni. Kennurum fannst þetta koma í veg fyrir litla sérhópa og þau tengdust betur.

Í hópastarfi þetta ár voru tveir hópar. Í Hákarlahóp (börn fædd 2013) voru 4 stelpur en Hvalahópur (börn fædd 2012) taldi 19 börn. Þar sem hákarlastelpurnar voru sárafaar voru þær með Hvalahóp í ýmsum verkefnum. Næsta ár verða að öllum líkindum færri börn en verið hefur í elsta árgangi, þ.e. yngri hópurinn verður fjölmennari. Eldri börnin fóru í markvissa málörvun tvisvar í viku og þá var börnunum skipt í tvo hópa. Öll elstu börnin fóru í HLJÓM-II próf að hausti. Foreldrar gafst kostur á að kynna sér niðurstöður í viðtali, en það tengdist ekki eiginlegum foreldraviðtölum. Foreldraviðtöl voru í febrúar og mars.


Dagbóarskrif hafa gengið vel á deildinni og börnin hafa verið dugleg að koma með bréf að heiman og stinga í póstkassann.

Okkur miðaði nokkuð vel með skráningar. Öll börnin eiga skráningu um félagaval, jólagjöf og fleira. Einnig eiga þau myndir í myndamöppu í tölvu. Börnin eiga sína einstaklingsnámsskrá, þar sem þau segja til um hvernig þau vilja hafa veturinn. Við unnum svo eftir því eins og við var komið, t.d. með vettvangsferðum. Ekki var hægt að virða óskir barnanna um áhrif á hvað væri í hádegismat, vegna þess að við þurfum að kaupa mat annars staðar frá.

Ýmsir menningarviðburðir voru sóttir t.d. leikritið Brúðukistan í Þjóðleikhúsinu, farið var í jólaferð í Árbæjarsafn, hákarlastelpur fóru á Þjóðminjasafnið með börnunum á Bárudeild, við skutumst á símfóniútónleika í Hörpunni og elstu börnin heimsóttum Borgarleikhúsið, þar sem þau fengu að kynnast töfrum leikhússins. Við tókum svo þátt í Barnamenningarhátíð 17. apríl í Grófarhúsi Borgarbókasafnsins.

Læsi í leiðinni - samstarf við Grandaskóla, Grandaborg og Gullborg. Samstarfið gekk vel í vetur.

Heimsóknir á milli skóla gengu mjög vel. Ægisborgarbörnin heimsóttu báða leikskólana í



Frá barnamenningarhátíð. Við blasa verk Ægisborgar, Gullborgar, Grandaborgar og Grandaskóla..

heimsóknarviku, þar sem hver leikskóli bauð upp á leik og skemmtun. Vorheimsóknin í Grandaskóla tókst vel. Börnin höfðu undirbúið sig, en þau höfðu meðferðis heimagerðar persónur eða dýr úr bókinni *Hver er sterkastur?* Grandaskólabörnin höfðu þá þegar búið til umhverfi bókarinnar og hengt á vegg.

Börn leikskólans og Grandaskólabekkurinn hjálpuðust svo að við að klára verkefnið og hengja upp á vegg í skólanum. Síðar var þetta sama verk sett upp í Borgarbókasafninu á sýningu Barnamenningarhátíðar. Í upphafi var hugmyndin sú að hver skóli ynni með sitt nánasta umhverfi. Í febrúar var svo ákveðið að vinna út frá bókinni *Hver er sterkastur?* og börnin ynnu sínar eigin bækur. Börnin bjuggu til sína sögu og flestallir notuðu hugmyndir úr *Hver er sterkastur?* ásamt sínum eigin. Erna af Bárudeild hjálpaði okkur með útdrátt sögu og lýsingar og vangaveltur höfundanna um söguna og þá sjálfa. Við fórum í Borgarbókasafnið til að skoða hvaða svæði við hefðum til umræða og hvernig verkefni við gætum unnið samkvæmt því. Einnig var farið á Listasafn Reykjavíkur að skoða sýningu svo börnin gerðu sér betur grein fyrir hvað sýning væri. Allir skólarnir gerðu orð í sameiginlegan Orðafoss, sem var hengdur í gluggann í Borgarbókasafninu. Stór úlfur var skúlptúr á miðju gólfi eftir Gullborgarbörnin. Grandaborg málaði persónurnar úr sögunni, sem hengdar voru í halarófu upp stigann. Ægisborgarbörnin sýndu bækurnar sínar. Börn, foreldrar og starfsfólk komu saman við opnun sýningarinnar. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni og allir ánægðir.

Í vetur höfum við unnið að ýmsum verkefnum. Í haust lásum við bókina *Elsku Míó minn* og unnum sameiginlega bók upp úr sögunni. Einnig vann hvert barn sína íþróttabók. Viðfangsefni bókarinnar var: Hver er leiðin í KR? Hvað gerum við þar? Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Myndir voru teknar af hverju barni og settar inn í bókina. Endað var á spurningalista um KR og hér er dæmi um svör barns:

Hvað er skemmtilegast að gera í KR?	<i>Standa á höndum.</i>
Í hverju ert þú góð/ur í KR?	<i>Heljarstökki.</i>
Hvað langar þig að æfa þig betur í?	<i>Aftur á bak heljarstökk.</i>
Í hverju ert þú búin/n að bæta þig mest?	<i>Handahlaupi.</i>
Hver er uppáhaldsleikurinn þinn í KR?	<i>Í grænni lautu.</i>
Ef þú mættir ráða í KR, hvað myndir þú gera?	<i>Fara í strumpaleik.</i>



Á leið í Viðey í útskriftarferð.

Gefist hefur vel að hafa skráningar-mánuð í nóvember, það festir skráningar í sessi. Áfram verður unnið með skráningar á vettvangsferðum, jólagjöf og fleira. Markmiðið er að gera leikskráningar fyrir öll börnin á deildinni. Einstaklingsnámsskrá verður gerð fyrir hvert barn.

Hringekjan verður tekin fram í haust, ef að líkum lætur og börnin kynnast leikfni og hvert öðru betur, það þarf að hrista hópinn saman, hringekjan er að hluta til kennarastýrð.

Flæði með Bárudeild hefur verið einu sinni í viku og gengið mjög vel. Þá fá börnin að fara á milli deilda og í salinn. Þau mega velja sér viðfangsefni og fara á milli eins og þau vilja. Við erum ákveðin í að halda þessu áfram. Börnin verða öruggari og hafa möguleika á að fara á sína gömlu deild. Til viðbótar er ætlunin að hafa flæði innan deildar einu sinni í viku komandi vetur. Þá fá börnin tækifæri til að

dýpka leik sinn í valinu, en geta liðið um eins og þau frekast kjósa í flæðinu. Það kom nokkur leiði í hópinn og töluvert mikið var um að börnin vildu skipta um leik og viðfangsefni í valstundum. Við teljum okkur koma til móts við óskir barnanna með þessum hætti.



Stokkið í Ægisborg

Stefnt var að því að senda börnin heim með valdar bækur og fá foreldra og börnin til að lesa saman og finna lykilorð og koma með í leikskólann í anda orðaspjallsaðferðarinnar. Aðeins foreldrar þriggja barna fóru heim með bók og tókst vel til. Ætlum að halda þessu áfram og stefnum að því að öll börnin fari með eina bók heim komandi vetur.

Samstarf við Grandaskóla, Gullborg og Grandaborg mun halda áfram með svipuðu sniði og unnið áfram eftir orðaspjallsaðferðinni. Ekki hefur verið ákveðið hvað unnið verður með.

Kaffitími barnanna, þar sem börnin hafa sjálf fengið sér af hlaðborði, hefur gengið vel og fest sig í sessi. Börnin eru ánægð með þetta fyrirkomulag og þau ráða sjálf hvað þau fá sér.

Ekki hefur farið mikið fyrir vinnu með numicon og stærðfræði. Þann þátt mætti efla til muna.

Okkur finnst við þó vera enn betri í numicon og stærðfræði en áður og höfum tengt numicon hugmyndafræðina við annað starf og verkefni eins og læsi. Numicon var sett inn sem val á deildinni og reyndist það ekki vinsælt. Börnin sneiddu algjörlega hjá því. Ef það hefur verið sett inn sem viðbótar efniviður, svo sem þegar börnin leira eða teikna, hefur það virkað vel.

Útskrift elstu barnanna gekk vel. Börnin gerðu handrit að bíómynd sem fékk nafnið Ævintýraskógurinn. Börnin sáu um leikmynd og komu með búninga. Myndin var tekin upp í KR og Ingibjörg Rósa sá um að klippa hana. Myndin var sýnd við mikinn fögnuð á útskriftarhátíðinni. Setja þarf inn í skóladagatal ákveðna daga fyrir útskrift og útskriftarferð og standa við dagana sem ákveðnir eru.

Margrét Sigurðardóttir og Ellen Ólafsdóttir, deildarstjórar.

Umbótaáætlun Öldudeildar 2018 til 2019

Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Leikskráningar	Koma góðri festu á skráningar á vinnu barnanna.	Festa niður skráningar-mánuð.	Hefst í október og lýkur í apríl.	Ábyrgð deildarstjóri. Allir starfsmenn á deildinni framkvæma.	Fara yfir skráningar reglulega á deildarfundum.	Að öll börn eigi a.m.k. eina leikskráningu.
Skráningar á viðburðum, félagavali, vali á leikefni og jólagjöf	Að festa skráningar í sessi.	Virkja alla starfsmenn á deildinni. Vinna jafnt og þétt.	Hefst í ágúst og lýkur í júlí.	Deildarstjóri. Allir starfsmenn á deildinni framkvæma.	Fara yfir skráningar reglulega.	
Myndskráningar í tölvu	Myndir bregði ljósi á starf barnsins.	Myndamappa fyrir hvert barn og sameiginleg mappa sem öll börn fá.	Hefst í ágúst og lýkur í júlí.	Deildarstjóri. Allir starfsmenn á deildinni framkvæma.	Fara yfir mynd-skráningar reglulega.	Allir eigi myndir af sér við leik og störf.
Útskrift og útskriftarferð	Börn og foreldrar geti komið dögnum fyrir í skipulagi fjölsk.	Allir vita tímanlega hvaða dagar þetta eru. Festa niður í skóla-dagatal.	Sumar 2018	Deildarstjóri, leikskólalastjóri.	Skoðað í janúar 2019. Ganga úr skugga um að allir foreldrar viti.	Útskrift og útskriftarferð skráð í leikskóla-dagatalið.
Hringekja	Börnin kynnist hvert öðru, leikefni og svæðum.	Búa til handahófs-kennda hópa. Skipta um hópa og leikefni.	Haust 2018	Deildarstjóri kemur verkefninu af stað. Allir starfsmenn á deildinni.	Skoðað á deildarfundum í lok nóvember.	
Flæði	Börnin kynnist hvert öðru á milli Báru og Öldudeildar	Frelsi barnsins til að velja deild og leikefni. Barnið fái tækifæri til að fara á milli svæða.	Veturinn 2018-2019.	Allir starfsmenn á Báru- og Öldudeild.	Sameiginlegur fundur á Báru- og Öldudeild	Sést þetta í skipulagi deildanna? Var þetta gert eða látið ógert?
Flæði á Öldudeild	Auka fjölbreytni í leik.	Börnin fá tækifæri til að fara á milli svæða og skipta um leikefni og félaga.	Veturinn 2018 til 2019	Allir starfsmenn á Öldudeild.	Reglulega á deildarfundum.	Gert/ógert.

2.5 Innra mat á skipulagsdegi 7. maí – Niðurstöður matshópa.



Bækur á Bárudeild

Á skipulagsdegi í maí var farið yfir matsáætlun Ægisborgar og rætt í þremur hópum. Tilgangurinn með því var að fá víðtækt samráð um hvað gekk vel og hvað unnt væri að bæta. Þannig ættu flestir ef ekki allir að geta lagt orð í belg og komið með afgerandi hætti að matsumræðunni. Hóparnir skiluðu skriflegri skýrslu til stjórenda, sem unnu svo úr matinu eins og sjá má hér að neðan í umbótaáætlun þessa kafla. Spurningaformið sem lagt var fyrir matshópana má sjá í fylgigagnakaflanum (bls. 34). Í grófum dráttum var eftirfarandi tölulíðir ræddir:

1. Orðaspjall.

Matshópar voru samdóma um að orðaspjallsaðferðin hefur mikil áhrif á bóklestur fyrir börnin. Þau verða mun spurull en áður og velta oftar fyrir sér merkingu orða og sækjast frekar eftir útskýringum. Vilji er til að halda áfram á sömu braut og leggja rækt við orðaspjallsaðferðina, enda er skammtilegt að upplifa vangaveltur barnanna og tilraunir með orðin í daglegu amstri.

2. Stærðfræði.

Stærðfræðivinna Ægisborgar með numicon kubbum var sýnileg í leik og starfi liðinn vetur. Kubbarnir eru oft gripnir með í leik barnanna og þau nota þá á fjölbreyttan hátt og umræða um tölur, fjölda og mynstur er nokkuð áberandi. Stærðfræðin getur verið hjálpleg, t.d. við matarborðið á morgnana er stundum spurt hve margar skeiðar ertu búin(n) með? Áhugi er að tvinna betur saman stærðfræði og útiveru næsta vetur.

3. Lýðræði.

Samkvæmt námskrá Ægisborgar er lagt upp úr menntandi umhyggju og því að börnin hafi afgerandi áhrif á leikskólalífið. Þróunin hefur verið sú að börnin hafa æ meira um daga sína að segja og var liðinn vetur sannarlega í þá veru. Matshópar tigreina sérstaklega aukið flæði milli deilda og innan og fleiri „öðruvísi daga“ sem börnin hafa stungið upp á. Þó er lagt til að starsfólk sé betur vakandi fyrir óskum barna um tilbreytingu og aðkomu þeirra að matseðilsgerð.

4. Aðlögun milli deilda.

Síðastliðið haust leið dagur á milli þess sem elstu börnin hættu og aðlögun nýrra Ægisborgara hófst. Mæltist það vel fyrir hjá flestum og vilji er til að halda því svo áfram í skipulaginu. Þó voru skiptar skoðanir og einhverjir töldu það full knappt. Einnig var sögð bót ef starfsmaður af gömlu deildinni fylgdi börnunum og að deildarstjórar gæfu sér tíma fyrir samtalið. Bent var á að það þyrfti að taka þetta til endurskoðunar.

5. Reglulegir deildarfundir.

Á eldri deildunum gekk nokkuð vel að hafa deildarfundir í föstum skorðum, en ekki eins vel á þeim yngri. Þar varð uppstokkun vegna tilfærslu á KR-dögum. Það gekk vel að hafa fast setta daga fyrir fundina frá upphafi annar á eldri deildunum og var ánægja með það skipulag. Yngri deildirnar velta fyrir sér styttri fundum en tíðari. Skipulagsdagar hafa reynst deildunum drjúgir.

6. Aðbúnaður.

Starfsfólk er sammála um að aðbúnaður hefur breyst til batnaðar. Styrkir það stjórnendur til áframhaldandi góðra verka. Helst er kallað eftir bættum aðbúnaði í kaffistofu, svo sem soda stream tæki og kæliaðstöðu. Á deildum er beðið um fleiri þráðlausa hátalara og bætta undirbúningsaðstöðu.

7. Hreyfing.

Hreyfingin í KR er með svipuðu sniði og verið hefur, ekki um miklar breytingar að ræða þar. Það þykir bót að hafa eigin íþróttavagn í áhaldageymslunni, svo ekki er lengur þörf á að þvælast með dótið fram og til baka. Einnig var bætt við íþróttahöldin. Verra var að fá ekki klefa niðri, þar sem stigin er varasamur og brugðu yngri deildirnar á það ráð að hafa fataskipti í salnum sjálfum. Stungið er upp á leikjanámskeiði fyrir starfsfólk, rifja upp leiki og hafa fastákveðið fyrirfram hver stjórnar tímanum.

8. Áherslur sviðsins.

Matshóparnir tilgreindu fjölmargt sem tengdist áherslum sviðsins fyrir síðasta starfsár. Farið var í margar ferðir um nærumhverfið, sýnum safnað og unnið með þau í tölvuvíðsjá. Fjörubörn fóru í ævintýraferðir um nágrennið. Fjölmeningin hefur orðið sýnilegri í Ægisborg í vetur, en þjóðfánar upprunalanda barnanna eru komnir upp á vegg á flestum deildum og hefur verið unnið með menningu landanna eftir hendinni. Hér í Ægisborg hafa verið kynningar á Frakklandi, Úkraínu og Tógó. Þó má gera þetta enn sýnilegra og bæta við myndum af börnunum og setja setningar á þjóðtungunni við fánana.



Rithöfundar á Öldudeild setja sig í stellingar fyrir myndatöku.

Umbótaáætlun út frá niðurstöðu matshópa

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hreyfing	Bæta hreyfistarf í KR og auka fjölbreytni.	Leikjanámskeið.	Á skipu- lagsdegi í haust.	Stjórnendur	Matshópar 21. janúar.	Mat starfsfólks og börnin séu virk og ánægð.
Fundir	Auðvelda starfsfólki skipulagningu deildarstarfs.	Deildarfundur eftir vinnu.	Haut 2018	Stjórnendur og deildarstjórar	Matshópar 21. janúar.	Gert/ógert. Mat starfsmanna á áhrifum þessa.
Aðlögun	Auðvelda flutning barna milli deilda.	Endurskoðun aðlögunar milli deilda.	Skipulags- dagur 2. nóvember.	Deildarstjórar	Metið haustið 2019 eftir aðlögun skv. nýju skipul.	Mat starfsmanna.
Aðstaða starfsfólks	Að starfsfólki líði betur í vinnunni.	Greint hvað hægt er að laga í kaffistofu og undirbúnings- herbergi.	Veturinn 2018-2019.	Stjórnendur	Starfsmannak önnun vor 2019 Matshópur 10. maí.	Að hækkun verði á ánægju starfsfólks með starfsaðstöðu.
Innra starf	Móta skýrari skólabrag og heild í Ægisborg.	Gerð hefða- og hátíðadagatala Ægisborgar með skýringum.	Vetur og vor.	Stjórnendur	Matshópur 10. maí.	Gert/ógert.



Útinám í fjörugrjóti.

2.6 Aðrar áherslur í starfinu 2018-2019

Á deildarstjórafundi í maí kom mjög skýrt fram löngun til að vinna með sögu- og bókagerð. Var það fastmælum bundið að næsta skólaár skyldi einkennast af því. Áfram er haldið með skráningavinnu í Ægisborg og má sjá það á umbótaáætlun hverrar deildar, en þar kemur fram hvernig deildirnar hafa hugsað sér að vinna að leikskráningunum komandi vetur. Ágætt er að taka fram að leikskráningar eru ekki einu skráningarnar sem fara fram á deildum.

Aðrir umbótaþættir

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Læsi, barna-menning og sköpun	Styrkja læsi og listsköpun og börnin upplifi sig sem höfundar.	Sögu- og bókagerð, bókasafnsferðir og heimsóknir til eða frá rithöfundum.	Veturinn 2018-2019	Deildarstjórar	Matshópar í janúar og maí	Öll börn eigi hvort tveggja sögu eftir sig og í samvinnu með öðrum. Á öllum deildum verður gefið út söguhefti að vori.
Námskrá	Uppfæra námskrána og laga hana að núverandi starfi.	Á skipulagsdegi í nóvember verður farið yfir námskrána og forgangsraðað.	Veturinn 2018-2019	Stjórnendur.	Að vori 2019.	Til verður áætlun til 3ja ára um endurbætur námskrár.



Systkin að leik



Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar í Ægisborg 2018.

3 Ytra mat

Starfsmannakönnun var gerð hjá Reykjavíkurborg í febrúar 2018 og var könnunin áþekk könnunum síðustu ára. Ægisborg kom vel út úr könnuninni og hafði heldur hækkað í öllum lykilþáttum frá síðustu könnun 2017. Það sem best kom út var starfsánægja, en hún hafði hækkað sig einna mest frá síðustu könnun. Það sem lækkaði var ímynd Ægisborgar í huga starfsfólks, sem og markmið og árangur. Að jafnaði kemur starfsumhverfi lakast út úr starfsmannakönnunum Ægisborgar. Þar er um að ræða þætti eins og vinnuástanda, álag og sveigjanleika. Það sama gildi um þessa könnun, en allir áðurtaldir þættir hækkuðu sig þó milli kannana og sumir vel, eins og sjá má af meðfylgjandi mynd. Ekki er þörf mikilla úrbóta, en þó er afar mikilvægt að huga í sífellu að starfsumhverfi í Ægisborg. Starfið er í eðli sínu ósveigjanlegt en vinnuálag er eitthvað sem stjórendur þurfa að kryfja.



Umbótaáætlun 2018-2019 vegna ytra mats

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinnuaðstaður	Að skapa þægilegra starfsumhverfi.	Endurnýjun búnaðar, s.s. tölvuborða.	Haust 2018	Stjórnendur	Starfsmannakönnun	Að vinnuaðstaða skori 3,8 á næstu starfsmannakönnun

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Eitt barn í Ægisborg er með skilgreinda 6 klukkutíma á dag í sérkennslu. Þroskaþjálfari og sérkennslustjóri sinna þeirri kennslu. Fleiri hafa fengið sérkennslu í lengri eða skemmri tíma, ef kennurum og foreldrum hefur þótt tilefni til. Málörvun tví- og þrítyngdra barna fer fram daglega. Hún fer fram í skipulögðum vinnustundum, auk þess sem sérkennari fylgir börnunum inni á deild við leik og daglegar athafnir. Snemmtæk íhlutun er í samráði við deildarstjóra deilda, foreldra, heilsugæsluna og sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar Vestubæjar, Miðborgar og Hlíða (PVMH.)

Sérkennslustjóri og þroskaþjálfari gera einstaklingsnámskrár í samvinnu við foreldra og deildarstjóra auk sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar. Námskráin er notuð til að setja markmið sem allir geta unnið eftir í leikskólanum, en einnig heima og í sérkennslu.

Mikið og gott samstarf er við foreldra. Það fer fram dags daglega, á reglulegum teymisfundum og með upplýsingum í tölvupósti. Fræðsla og stuðningur til foreldra leikskólans, ráðgjöf og annað því tengt hefur verið töluverður í vetur. T.d. varðandi kvíða, hegðunarvandamál, málþroskavanda og svefnvandamál.

Samvinna og samstarf við utanaðkomandi aðila sem tengjast börnunum sem við vinnum með, hefur verið víðtækt og ljúft. Má þar nefna m.a. Bjarnveigu Magnúsdóttur sérkennsluráðgjafa, Öldu Sigrúnu Magnúsdóttur sálfræðing og Guðrúnu J. Rafnsdóttur hegðunarráðgjafa, auk þess sem Þórhalla Guðmundsdóttir einhverfuráðgjafi kom hér og fylgdist með barni. Einnig höfum við verið í samstarfi við sjúkra- og iðjuþjálfara auk talmeinafræðinga. Gott samstarf hefur einnig verið við Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Í vetur hefur sérkennslustjóri einnig sinnt fræðslu, stuðningi og ráðgjöf til samstarfsmanna varðandi kvíða, einhverfu og hegðunarráðgjöf. Einnig hefur sérkennslan setið deildarfundi, þar sem farið hefur verið yfir málefni þeirra barna sem kennurum hefur þótt tilefni til að fylgjast nánar með.

Endurmat umbótaþátta sérkennslunnar 2017-2018

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgða raðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vera betur meðvitaður um kvíða barna	Vera betur í stakk búin að koma auga á og aðstoða börn sem sýna merki um kvíða.	Sóttum fund hjá fagaðilum, m.a. Urði Njarðvík dósent í HÍ. Ráðstefna GR í apríl sl. Einnig fræðsla hjá samstarfsaðilum.	Veturinn 2017-2018	Sérkennslu- stjóri	Fengum námsgögn sem nýttust í kennslu	Kennarar sýndu meiri þekkingu við kennsluna og líðan barna betri. Betur gekk að leiðbeina foreldrum.
Atferlisþjálfun	Að kennarar bæti við sig þekkingu,	Farið á námskeið í villulausu námi hjá Grein.stöð.	Haust 2017	Sérkennslu- stjóri	Endurmat fór fram á matsfundi að vori.	Kennarar tileinkuðu sér þessa aðferð og notuðu í kennslu.
Starfshættir	Fjölbreyttari aðferðir í sérkennslu	Sérkennarar fóru yfir og skráðu þau námsgögn sem eru til í leikskólanum.	Veturinn 2017-2018	Sérkennarar	Lokið haustið 2018	Kennarar voru meðvitaðri um kennslugögn leikskólans og nýttu þau í starfi með börnunum.
Fylgja börnum sem flytja á milli deilda leikskólans	Kennarar deilda væru betur undirbúnir til að taka á móti þeim börnum sem sérkennslan hefur unnið sérstaklega með. Markmið að auðvelda þeim flutninginn á milli deilda.	Upplýsingafundir að hausti. Börnin undirbúin með félagshæfni- sögum og heimsóknum á nýju deildina.	Haust 2017	Sérkennslu- stjóri og sékennari	Vor 2018	Börnin voru fljótari að aðlagast á nýrri deild og fundu fyrir öryggi.



Hitað upp á íþróttahátíð

Umbótaáætlun sérkennslunnar 2018-2019

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Auka betur þekkingu á kvíða barna, hvernig hann birtist	Vera meðvitaður um kvíða til að geta gripið strax til úrræða.	Nota námsgögn sem til eru og búa til fleiri.	Veturinn 2018-2019	Sérkennslustjórinn	Könnun, rýnihópur, safna gögnum. Að vori, meta líðan þeirra barna sem við höfum unnið með.	Betri líðan að sögn og foreldra og kennara. Barnið geti tekist á við nýjar aðstæður.
Hegðunar og tilfinningastjórnun	Börnin læri að þekkja betur tilfinningar sínar.	Nýta okkur aðferðir Núvitundar og tilfinningastjórnunar.	Veturinn 2018-2019	Sérkennslustjórinn og kennarar sérkennslunnar	Vor 2019 Með deildarfundum og fundum með foreldrum.	Betri líðan Barnið geti tekist á við nýjar aðstæður.
IPad	Kynna okkur nýjustu smáforritin í sérkennslu.	Læra að nýta forritin betur og fá nýr.	Veturinn 2018-2019	Sérkennarar	Sumar 2019.	Aukin færni kennara.
Fylgja börnum sem flytja á milli deilda leikskólans	Kennarar verði betur undirbúnir að taka á móti þeim börnum sem sérkennslan hefur unnið sérstaklega með. Auðvelda börnum flutninginn á milli deilda.	Kynningarfundir fyrir kennara sem taka á móti nýjum börnum. Börnin undirbúin með félagshæfnisögum og heimsóknir á nýju deildina.	Haust 2017	Sérkennslustjóri	Fundir með deildarstjórum. Endurmat þegar börnin hafa aðlagast Vor 2018.	Börnin voru fljótari að aðlagast á nýrri deild.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Í daglegu starfi er unnið með börn af erlendum uppruna. Kennarar eru meðvitaðir um færni barnsins til að skilja íslensku. Fáni hvers barns er sýnilegur og mynd af barninu hjá honum. Myndrænt dagskipulag er á deildum, í augnhæð barnanna. Lesnar eru m.a. bækur, spiluð tónlist og myndbönd sýnd frá ólíkum löndum.

Kennarar skólans hafa kynnt sér vefina:

www.allirmed.is, www.tungumalergjof.is,

Lesvefurinn.hi.is og *Heimurinn er hér*, stefna Reykjavíkur um fjölmennningarleikskóla og frístundastarf. Allir kennarar bera jafna ábyrgð á málefnum barna af erlendum uppruna. Tengiliður fjölmennningar í leikskólanum er sérkennslustjórinn. Einnig hefur einn deildarstjórinn sótt ýmis námskeið o.fl. varðandi fjölmenningu.

Lesnar eru bækur á heimamálum þeirra barna sem við á, vísur og kvæði kennd, myndbönd sýnd í samverustundum og foreldrar hafa komið með kynningu á heimalandi sínu fyrir börnin.

Börnin eru hvött til góðra samskipta og minnt á að allir eiga sinn rétt og fjölbreytileikanum er fagnað.

Unnið er með daglegan grunnorðaförða með bóklestri, bæði fyrir einstaklinga og svo í litlum hópum. Einnig í frjálsum og skipulöguðum leikstundum. Bingó og ýmis spil til málörvunar notuð. Farið er á bókasöfn og í gönguferðir þar sem daglegar aðstæður eru markvisst nýttar til að auka orðaförða og farið er með vísur og þulur. Börnin fá fjölbreytt tækifæri til að hlusta á og nota íslensku í samskiptum við jafnaldra og fullorðna.

Smám saman eru lesnar þyngri bækur auk þess sem orðaspjallsaðferðin er notuð til að dýpka orðaförðann og úskýra mismunandi merkingu orðanna. Hljóðkerfisvitundin er aukin með ýmsum spilum, og leikjum. Markviss málörvun er daglega og Orðagull er notað fyrir eldri börnin.

Með skráningum er fylgst með framförum, í foreldraviðtölum og í markvissri málörvun er fylgst með hvernig barninu gengur, auk deildarfundum kennara.



Þjóðfánar í Koti

Hvernig er hugað að þáttum máls barna með annað móðurmál en íslensku?

- *Orðaforði og málskilningur.* Hugað er að auknum orðaforða og orðaspjallsaðferðin er notuð með eldri börnunum, spil, gönguferðir og frjálsi leikurinn.
- *Tjáning og frásögn.* Bréfaskriftir að heiman, bókagerð, framsögn, eldri börnin leika leikrit og búa til bíómynd, frjálsi leikurinn í hávegum hafður.
- *Hlustun og hljóðkerfisvitund.* Hljóm-2 og markviss málörvun, lesið er daglega fyrir börnin og þau spurð spurninga úr sögunum. Kennum rím, klappa atkvæði, orðhlutaeyðing, samsett orð og hljóðatenging
- *Ritmál.* Unnið með það daglega og ýtt undir áhuga til auka færni barnanna, t.d. með bókagerð og ýmsum verkefnum sem tengjast áhugasviði þeirra. Börnin koma með bréf að heiman, þar sem börnin segja frá því sem þau hafa verið að gera og þau elstu rita jafnvel eitthvað sjálf. Þau sem hafa minni íslensku hafa gjarnan fleiri myndir í bréfi sínu og ræða svo um efni bréfsins og svara spurningum.
- *Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun.* Það er fylgjast er með áhugasviði barnanna og þau hvött til að nýta sér það í leik og starfi.

Í upphafi eru allir foreldrar boðaðir á fund með skólastjórnendum og deildarstjóra barnsins. Túlkaþjónusta er í boði ef þarf. Notast er við þátttökuaðlögun, þar sem foreldrar eru með börnunum í upphafi skólagöngu og kynnst leikskólanum vel fyrir vikið. Foreldrar fá þá mikilsverðar upplýsingar um leikskólann, en allra bestu upplýsingarnar fá foreldrar í daglegum samskiptum við kennara, með tölvupósti, í dagbók og í foreldraviðtölum.

Myndrænt dagskipulag er mikill stuðningur og við gerum móðurmáli barna hátt undir höfði. Um leið og við fögnum fjölbreytileikanum, þá erum við öll Ægisborgarar.



Þessi fannst í fjöruferð Bárubarna.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vordögum og verður þeim framhaldið að hausti. Leikskólastjóri talaði við nánast alla, en örfáir nýbyrjaðir eru eftir.

Sérkennslufólk hefur sótt ráðstefnur og hlýtt á erindi. Þar má nefna vorráðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstövar ríkisins og fyrirlestur Urðar Njarðvík um kvíða barna.

Þann 23. október kom Kolbrún Baldursdóttir til okkar í Ægisborg og fræddi okkur um eineltismál.

Á skipulagsdegi í nóvember var sjónum beint inn á við og hugað að starfsmenningu Ægisborgar meðal annars. Allur hópurinn fór í Salt eldhús og lærði að elda bökur. Í framhaldi af því var Skóla- og frístundasvið (SFS) heimsótt og þar fékk hópurinn meðal annars kynningu Jóhönnu Marteinsdóttur á sviðinu og fyrirlestur Kolbrúnar Hrundar Sigurgeirsdóttur verkefnastjóra jafnréttisskólans.

Ægisborg var lokuð 8. febrúar, en þá var haldin ráðstefna á Hilton sem bar yfirskriftina „Við fáum að ráða nema þegar kennararnir ráða. –Lýðræði, sjálfsefning og þátttaka barna í leikskólastarfi“. Meðal erinda þar var erindi Kristínar Karlsdóttur sem bar yfirskriftina *Áhrif barna – lýðræðislegir starfshættir í leikskólum*. Einnig var þar erindi Vöndu Sigurgeirsdóttur um jafningjamenningu sem hét *Jafningjasambönd skipta öllu máli – Leiðir og lausnir fyrir starfsfólk leikskóla*. Starfshópur Ægisborgar lét vel af deginum, enda góður fróðleikur og kærkomin tilbreyting. Eftir hádegi þann dag kom Þóra Sæunn Úlfisdóttir og fræddi nýliða í Ægisborg um góða málörvunarhætti.

Stjórnendur sóttu ýmsa fræðslu og námskeið á vegum SFS.

Tveir heimspektir skólamenn; Pasi Sahlberg og Andy Hargreaves, héldu fyrirlestur um menntamál 5. febrúar í Hörpu. Fundurinn var haldinn undir yfirskriftinni *Forysta í skóla- og frístundastarfi á 21. öldinni - innleiðing menntastefnu*. Þann fyrirlestur sóttu stjórnendur í Ægisborg ásamt sérkennslustjóra.

Menntastefnufundur var í Ægisborg þann 13. nóvember.

Fulltrúar Ægisborgar tóku hvort tveggja þátt í hópavinnu vegna nýrrar menntastefnu Reykjavíkur og um nýliðun og starfsumhverfi.

Undir símenntun má fella erindi sem starfsfólk hefur haldið og heimsóknir í Ægisborg. Fátt er jafn menntandi en að segja frá starfi sínu og ræða það við gesti. Áðurnefndur Finni, Pasi Sahlberg, kom í stutta heimsókn, en hann er ráðgjafi Reykjavíkurborgar við mótn nýrrar menntastefnu. Pasi reit bókina *Finnska leiðin*. Við höfum m.a. fengið heimsókn úr Jöklaborg, Álfaheiði og frá Noregi í vetur auk sem við tókum á móti þingmönnum úr efri deild japanska þingsins. Fyrir utan þá foreldra sem líta við og eru í leit að heppilegum leikskóla fyrir barnið þeirra, en þeir eru afúsugestir í Ægisborg.

Ási var með erindi á aðalfundi Félags leikskólakennara um leik barna.

Þegar þessi starfsáætlun er rituð er fátt njörvað í stein varðandi símenntun. Þó er ætlunin að sækjast eftir fræðslu varðandi hreyfingu og leiki barna og þátttöku alls starfsfólks í leikskólaráðstefnu í febrúar. Starfsfólk verður hvatt til að sækja fræðslu á vegum SFS og annarra aðila eftir því sem kostur er á. Jafnframt áðurtöldu verður starfsfólki gert kleift að vinna dag á annarri deild en það á venju til og einnig fara allir í að minnsta kosti eina leikskólaheimsókn.



Svipbrigði Fjörubarna.



Múrari að störfum í Ægisborg og allar hinar stelpurnar fylgjast grannt með.

á milli fóru samskipti fram með tölvupóstum. Aðalverkefni ráðsins í vetur var að leggja stjórnendum leikskólans lið við að fá gert við skólann, en hann hefur drabbast illa síðustu ár. Skemmst er frá að segja að liðsinni ráðsins var dýrmætt, þar sem endurbætur eru nú í fullum gangi.

Foreldraráð 2017-2018 skipa: Lára Hannesdóttir, Þorvaldur H. Gröndal, Þórunn Gréta Sigurðardóttir og Örn Úlfar Sævarsson.


7 Foreldrasamvinna

Lærdómssamfélagið Ægisborg samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Í því er menntandi umhyggja lykilatriði og að samskipti aðila sé byggð á virðingu. Ekkert kemur í stað góðra og notalegra samskipta heimilis og skóla.

Í foreldraráði Ægisborgar sitja 4 fulltrúar. Auglýst var eftir fulltrúum í ráðið og gáfu 4 kost á sér og skipa þeir aðilar foreldraráð Ægisborgar. Ráðið er ráðgefandi um starfsáætlun og sumarlokun. Ráðið fundaði tvisvar með stjórnendum liðið starfsár. Þess

Í júní er haldinn kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna og vetrarstarfið er kynnt foreldrum hverrar deildar fyrir sig að hausti.

Foreldrar eru alltaf velkomnir í Ægisborg en nokkrir viðburðir eru sérstaklega þeim ætlaðir og til þess gerðir að efla samskipti heimilis og skóla. Hæst ber foreldravíkuna, þar sem foreldrar eru hvattir til að koma í Ægisborg og taka þátt í leik barnsins um styttri eða lengri tíma. Foreldravíkan var 8.-12. janúar 2018. KR-sýning var 11. maí þar sem foreldrar tóku þátt í hreyfistarfi barnsins og var þar um að ræða sýningu á vetrarstarfinu í íþróttahúsinu. Vetrarstarfið var að venju sýnilegt í vöflukaffi sem var 17. maí. Karlakaffi, konukaffi og aðventukaffi eru fastir liðir í samskiptum heimilis og Ægisborgar. Foreldrar eru hvattir til að rétta leikskólalífínu hjálparhönd og auðga það og bæta eftir því sem þeir geta og langar til. Dagbók og póstkassi er lifandi vettvangur upplýsinga sem tengja fjölskyldur og leikskóla sterkari böndum.



Myndir frá Borgarbókasafni, þar sem Grandaborg, Gullborg, Ægisborg og Grandskóli settu upp sýninguna Orðafoss.

Formleg foreldraviðtöl eru tvö á ári; annað á haustmánuðum og hitt í mars. Þess utan geta foreldrar og deildarstjórar boðað til funda um málefni barna.

Á aðalfundi foreldrafélagsins haustið 2017 voru kosnir í stjórn: Brynjar Örn Gunnarsson, Þórunn Antonía Magnúsdóttir, Ástrós Óladóttir, Sæþór Benjamín Randalsson og María Ása Áspórsdóttir.

Foreldrafélagið hefur skipulagt ýmsa viðburði í skólastarfinu, eins og jólaball, sveitaferð, myndatöku barna og sumarhátíð.



Merki Grandaskóla.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarfsáætlun Ægisborgar og Grandaskóla 2018-2019 byggir á þeim þáttum sem *Læsi í leiðinni*, þróunarverkefni Grandaskóla, Grandaborgar, Gullborgar auk Ægisborgar, hefur skilað. Börnin taka þátt í sameiginlegum verkefnum sem tengjast læsisvinnu beggja skólastiga auk heimsókna á milli leikskólanna.

Markmið verkefnisins er að börnum úr leikskólunum Grandaborg, Gullborg og Ægisborg veitist auðvelt og eðlilegt að byrja í Grandaskóla og þeim líði vel og eiga leikur og læsi að vera grunnhugtök í aðlögun barnanna milli skólastiga. Markmiðið er einnig að börnin upplifi eðlilega framvindu í námi sínu við að flytjast um skólastig og að þar sé fleira líkt en ólíkt.

Ekki liggja fyrir dagsetningar á heimsóknum næsta vetur, en fulltrúar Grandaskóla, Ægisborgar, Gullborgar og Grandaborgar munu hittast í ágúst og ákveða þær. Jafnframt verða lagðar línur um hvernig læsisvinna skólanna verður fléttuð saman. Annars eru þessar heimsóknir fastir liðir samkvæmt hefð síðustu ára:

- Í september koma 1. bekkingarnir í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir, en einnig gefst leikskólabörnunum færi á að spyrja um hvernig það sé að byrja í skóla.
- Ægisborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla í nóvember.
- Grandaskóli býður á leiksýningu í desember.
- Í febrúar er haldið í skólastofur í Grandaskólanum og vísitæði á frístundaheimilinu Undralandi.
- Í mars er farið í tónmenntatíma og sungið og spilað.
- Í maí fara verðandi Grandaskólabörn í langa heimsókn í fylgd foreldra með nesti.



Ég gæti þess að starfsáætlunin sé ærleg!

9 Skipulagsdagar

Eftirtaldir dagar verða skipulagsdagar í Ægisborg:

- Skipulagsdagar í Ægisborg verða 14. september, 2. nóvember, 28. nóvember, 7. febrúar, 18. mars og 10. maí.
- Dagana 2. nóvember, 18. mars og 10. maí ber upp á starfsdag eða vetrarleyfi í Grandaskóla.



Rithöfundar af Öldudeild.

9.1 Matsgögn

Spurningar sem lagðar voru fyrir samráðshópa á matsdegi í maí.

1. Orðaspjall

- Hefur orðaforði barna styrkst/aukist með tilkomu orðaspjallsaðferðarinnar ?
- Nefnið dæmi
- Hefur aðferðin haft áhrif á sögulestur, frásagnir ofl. – ef svo er, með hvaða hætti ?

2. Stærðfræði

- Er stærðfærði sýnileg í leik og starfi ?
- Nefna dæmi
- Hefur meiri áhersla á stærðfræði haft áhrif á vinnubrögð/viðhorf starfsfólks ?
- Hvernig þá ?
- Næstu skref ?

3. Lýðræði

- Með hvaða hætti er stutt við lýðræðisleg vinnubrögð í barnahópnum ?
- Hafa sjónarmið barnanna bein áhrif á leikskólastarfið ?
- Hvernig þá ?
- Næstu skref ?

4. Aðlögun milli deilda

- Í fyrra leið einn dagur milli þess að síðustu elstu börnin hættu og aðlögun hófst - hvernig tókst þessi tilraun ?
- Hvað mál læra af þessu til að gera betur ?

5. Reglulegir deildarfundir

- Hafa verið haldnir reglulegir deildarfundir ?
- Ef ekki hvers vegna ?
- Lærdómur ?
- Næstu skref



Bílapvottur

6. Aðbúnaður

- Að hvaða leyti hefur aðbúnaður breyst til hins betra í Ægisborg ?
- Næstu skref ?

7. Hreyfing

- Hefur KR starfið þróast í vetur ?
- Að hvaða leyti ? aðbúnaður ? innihald ?
- Næstu skref

8. Áherslur sviðsins

- 3.1 Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur – kemur fram í kaflanum um orðaskil skv. matsáætlun leikskólans í starfsáætlun 2017-2018
- 3.2 Verk-, tækni- og listnám – vinsamlega lesið leiðirnar á bls. 33 í starfsáætlun og gerið grein fyrir hverjar þeirra voru farnar – nefna dæmi
- 3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi – kemur fram í kaflanum um lýðræði í matsáætlun leikskólans skv. starfsáætlun 2017-2018
- 3.4 Fjölmennning – vinsamlega lesið leiðirnar á bls. 35 í starfsáætlun og gerið grein fyrir hverjar þeirra voru farnar – nefna dæmi

Ritarar sendi niðurstöður á aegisborg@reykjavik.is í síðasta lagi 5.06.2018

9.2 Umsögn foreldraráðs

Eftirfarandi umsögn barst með tölvupósti þann 3. júlí 2018 frá foreldraráði:

Reykjavík, 29. júní 2018

Foreldraráð Ægisborgar hefur nú farið yfir Starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2018-2019. Ráðið lýsir yfir mikilli ánægju með áætlunina og þykir hún gefa góða innsýn í starfið og lýsa metnaði fyrir hönd skólans. Einnig er foreldraráð ánægt með að viðhald leikskólans sé komið á rétta leið og fagnar jákvæðum niðurstöðum starfsmannakönnunar. Það er ljóst að Ægisborgarar eru í góðum höndum.

Foreldraráð vill þó nota þetta tækifæri til að hvetja til þess að þrýst verði á um löngu tímabærar og gagngerar endurbætur á skólalóðinni og að það verkefni verði unnið í samráði við starfsfólk, börn og foreldra. Að lokum hvetur foreldraráð Ægisborgar fulltrúa Reykjavíkurborgar til að vanda til samskipta við skólann þegar kemur að framkvæmdum og viðhaldi en þess eru dæmi í vetur að fyrirvaralausar framkvæmdir hafi sett starfsemi skólans í uppnám að óþörfu. Telur ráðið að sneiða megi, og eigi, hjá slíkum uppákomum og sýna starfi barnanna tilhlýðilega virðingu.

Með okkar allra bestu óskum,

Foreldraráð Ægisborgar

F. h. leikskólans Ægisborgar

Leikskólastjóri

Dagsetning

Leikskóladagatal Ægisborgar 2018 - 2019

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Lokað	1 L		1 M		1 F		1 L	Fúlveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Dagur stærðfræðinnar	1 F		1 M		1 M	Barnamenningarhátíð/Verka	1 L		1 M	Skil á starfsáætlun
2 F	Lokað	2 S		2 Þ		2 F	Skipulagsdagur	2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F	VÖFFLUKAFFI	2 S	Sjómanna dagurinn	2 Þ	
3 F	Lokað	3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M		3 F	Barnamenningarhátíð	3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 M		4 M	Bolludagur	4 F		4 L	Barnamenningarhátíð	4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F		5 M		5 M	Adventukaffi í Ægisborg	5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengidagur	5 F		5 S	Barnamenningarhátíð	5 M		5 F	
6 M	Fridagur verslunamanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S	Þrettándinn/Almaði Ægisb.	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Óskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ	Lokað	7 F		7 S		7 M		7 F		7 M	Foreldravika í Ægisborg	7 F	Skipulagsdagur	7 F		7 S		7 Þ		7 F	Skólaslit í grunnskólum	7 S	
8 M	Lokað	8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ	Foreldravika í Ægisborg	8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F	Æb opnar eftir sumarfrí	9 S		9 Þ	Staldráðu við á Öldu/Báru	9 F		9 S		9 M	Foreldravika í Ægisborg	9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F	Foreldravika í Ægisborg	10 S		10 S		10 M		10 F	Skipulagsdagur	10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F	Foreldravika í Ægisborg	11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ	Foreldravötöl & Fjórudeild	12 F		12 S		12 M		12 F	
13 M		13 F		13 L		13 Þ	Staldráðu við í Koti/Fjöru	13 F		13 S		13 M		13 M	Foreldravötöl & Fjórudeild	13 L		13 M		13 F		13 L	
14 Þ		14 F	Skipulagsdagur	14 S		14 M		14 F		14 M		14 F		14 F		14 S	Pálmasunnudagur	14 Þ		14 F		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	Foreldrafundur í Koti	16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M	Foreldrafundur & Fjórud.	17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M		17 F	KR- sýning	17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L	Almaði Reykjavíkur	18 Þ	Foreldrafundur & Öldudeild	18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 M	Konukaffi	18 M	Skipulagsdagur	18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ		18 F	
19 S		19 M	Foreldrafundur & Bárudeild	19 F		19 M		19 M		19 L		19 Þ	Foreldravötöl & Öldudeild	19 Þ	Foreldravötöl í Koti	19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M		20 F		20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 S		20 M	Foreldravötöl & Öldudeild	20 M	Foreldravötöl í Koti	20 L		20 M		20 F		20 L	
21 Þ	Síðasti dagur 6 ára barna	21 F		21 S		21 M		21 F		21 M		21 F	Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F		21 S	Páskadagur	21 Þ		21 F		21 S	
22 M	Skólaásetning grunnskólanna	22 L		22 M		22 F		22 L		22 Þ		22 F		22 F		22 M	Annar í páskum	22 M		22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ		23 F		23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ	Alþjóðlegur dagur bókanna	23 F		23 S	Vatnsdagur í næstu viku	23 Þ	
24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M		24 F		24 M	Þróttahátíð í Ægisborg	24 M	
25 L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Bóndadagur/Karlakaffi	25 M		25 M		25 F	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 F		26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ		26 Þ		26 F		26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F		27 L	Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangs dagurinn	27 Þ		27 F		27 S		27 M	Foreldravötöl & Bárudeild	27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F		28 S		28 M	Skipulagsdagur	28 F		28 M		28 F	Foreldravötöl & Bárudeild	28 F		28 S		28 Þ	Útskrift elstu barna	28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S		30 M				30 L		30 Þ	Barnamenningarhátíð	30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F	Þorrablót í Ægisborg			31 S				31 F				31 M	